# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 19. JÚLÍ 2019

# Þjóðlögin gefa manni von

Söngkonan Anna Jónsdóttir er þessa dagana að ljúka ferðalagi um landið þar sem hún hefur stoppað á nokkrum stöðum og haldið útitónleika umkringd einstakri náttúru. →2



Anna Jónsdóttir sópransöngkona syngur í lýsistanknum á Djúpavík. MYND/GUNNAR GUNNARSSON





Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Framhald af forsíðu ➪

Tónleikaröðin, sem ber yfirskriftina Uppi og niðri og þar í miðju – úr alfaraleið, hófst í Lakagígum þar sem Anna söng í Tjarnargíg. Frá Lakagígum lá leiðin að Akranesvita, Stefánshelli í Hallmundarhrauni, Lýsistanknum á Djúpavík og Botnstjörn í Ásbyrgi. Á morgun syngur Anna á síðustu tónleikunum við Emilíuklappir í Grímsey.

Anna segir að ferðalagið hafi gengið vel. „Það eru svo margir áhættuþættir við svona ferðalög eins og veður og veikindi. En við höfum sloppið við það. Það hefur ekkert óvænt komið upp á," segir Anna en bætir við að það sé helst óvænt hvað mikið er til af góðu fólki sem hefur verið tilbúið að styðja hana og styrkja. Anna var með söfnun fyrir ferðinni á Karolina Fund sem er nú lokið og gekk ágætlega að sögn hennar.

Kvikmyndatökumaður og hljóðmaður hafa fylgt Önnu á ferðalaginu kringum landið og kvikmyndað tónleikana. Ætlunin er að búa til heimildarmynd um ferðalagið sem stefnt er á að verði tilbúin í haust. „Ég fór í sambærilega ferð fyrir fjórum árum. Þá fór ég að vísu víðar og söng á fjölbreyttari stöðum eins og í kirkjum til dæmis. Þá hugsaði ég, hvar er myndavélin? Svo þess vegna ákvað ég að taka tónleikana upp í þetta skipti. Mig langaði að búa til efni á þessum mögnuðu stöðum, með þjóðlögunum okkar. Menningararfinum okkar," segir Anna.

## Einnarkonuhljómsveit

Tónleikarnir eru með einnarkonuhljómsveit eins og Anna orðar það. Anna hefur sungið ein án undirspils í ferðinni nema á fyrstu tónleikunum í Lakagígum. Þar spilaði Sophie Schoonjans hörpuleikari undir með henni.

„Ég valdi lögin svolítið út frá því. Ég vel fyrst og fremst þau lög sem snerta mig á einhvern hátt en þau þurfa líka að geta staðið ein og sér án undirleiks."

Staðirnir voru valdir með það í huga að þeir væru áhugaverðir fyrir þá sem koma og hlusta og að þeir hefðu einhverja sérstöðu. „Ég hef sérstakar taugar til Akranesvita og Djúpavíkur, þar byrjaði ég að flytja íslensk þjóðlög ein. Upphaflega valdi ég þá staði af því þeir taka svo vel utan um hljóðið og líka utan um mig. Því þó ég sé hávær þá hef ég ekkert í vindinn," útskýrir Anna og hlær.



Anna syngur þjóðlög við hina einstöku náttúruperlu Tjarnargíg í Lakagígum. MYND/GUNNAR GUNNARSSON

> Fólkið hefur samt alltaf sömu vonir og væntingar á misjöfnum tímum og þjóðlögin og sögurnar lifa einhvern veginn þrátt fyrir allt.
>
> **Anna Jónsdóttir**



„Þetta eru líka svo frábærir staðir. Eins konar minnisvarðar um horfna tíð. Þeir tengjast báðir sjónum, Akranesviti af augljósum ástæðum og lýsistankurinn í Djúpavík er nokkurs konar minnisvarði um síldarævintýrið og stendur bara þarna tómur."

Grímsey varð fyrir valinu af því að Önnu finnst hún oft verða út undan. „Það er mjög flottur staður og mig langaði að búa til einhverja minningu þaðan. Ég hef áður sungið í Stefánshelli og Lakagígum og finnst mjög fallegt þar. Það sem er sérstakt við þá tvo staði er að þú ert einhvers staðar úti í óbyggðum og svo kemurðu ofan í einhverja holu og þá opnast fyrir þér nýr heimur. Svo er mjög fallegt í Ásbyrgi og hljómburður þar er góður."

## Þjóðsögurnar heilla

Mætingin á tónleika hefur verið nokkuð góð að sögn Önnu. „Jafnvel bara best uppi í Lakagígum." En til að komast þangað þarf fólk að vera á jeppa svo fólk hefur lagt dálítið á sig til að komast þangað. „Það er líka skemmtilegt þegar fólk dettur óvænt inn á tónleika hjá mér, það gerðist allavega á Djúpavík og Akranesvita. Það er gaman að fylgjast með hvað útlendingarnir verða hugfangnir af sögunum sem ég segi þeim í kringum lögin. Íslendingarnir reyndar líka. Ég segi alltaf aðeins frá lögunum sem ég er að syngja. Stundum eru það þjóðsögurnar bak við lögin. Stundum segi ég frá skáldunum. Fólki finnst sögurnar heillandi. Maður sér stundum svona kringlótt augu. Það er mjög gaman," segir Anna og hlær.

Anna segir þessar sögur vera mjög fræðandi. Svo fræðandi að hún ætlar að gera mastersverkefni þar sem meginviðfangsefnið er þjóðlögin sem listviðburður og skoðað hvort þau séu möguleg leið til að miðla og kenna. En Anna er í mastersnámi í hljóðfæra- og söngkennslu sem hún lýkur um áramótin.

„Mér finnst þjóðlögin geta verið svo mikil hjálp í að fræða mann, þau geta verið leiðarstef inn í svo margt. Mér finnst þau alltaf gefa svo mikla von um lífið. Að vera með þennan efnivið sem sprettur úr lífi fólks, sem sumt var uppi fyrir 500 árum og lifði hér við kröpp kjör. Fólkið hefur samt alltaf sömu vonir og væntingar á misjöfnum tímum og þjóðlögin og sögurnar lifa einhvern veginn þrátt fyrir allt. Mér finnst það traustvekjandi. Þessi þjóðlög snerta á öllu sem viðkemur mannlegri tilveru," segir Anna.

Anna segir að upplifunin af tónleikum utandyra sé ólík hefðbundnum tónleikum. „Það er erfitt að lýsa því en það er eins og öll skilningarvit skerpist. Það er svo magnað. Maður heyrir kannski þrumur eða sér ský og hugsar, ætli það sé að fara a rigna? og verður svolítið spenntur. Svo kemur kannski vindhviða eða eitthvað annað óvænt. Einhver óvænt skynjun eða upplifun sem lyftir öllum á hærra plan. Það var svolítið hugsunin á bak við þessa tónleikaferð hjá mér. Mér finnst ég vaxa í hvert skipti sem ég flyt þjóðlögin, það eru alltaf einhverjir nýir vinklar á öllu."

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir
**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Plymouth special deluxe árg 1948 nýtt lakk, nýuppt. vél ek 100þ m eðal fornbíll í góðu standi. Verð 2.200 þús. raðn. 122646

**Ferðavagnamarkaður Breiðhöfða í húsn. Bílalindar, Sími: 659 2452 Sérhæfum okkur í ferðavögnum. www.ferdavagnamarkadur.is**

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Hjólhýsi



Til sölu hjólhýsi Delta 4400FB árg. '07 Svefnpláss fyrir 4 til 5, útvarp, sjónvarp og fortjald. Hlólhýsið er í mjög góðu standi og skoðað 2019. Verð 2, milljónir Uppl. í s: 661-8324

## Bátar




## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningarmeistari. Getur bætt við sig verkefnum smáum sem stórum. Vanir menn. Sími: 820-9396

Pipulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Bólstrun




## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Keypt & Selt

## Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Húsnæði óskast

Hjón með traustar tekjur óska eftir 2 herb. 60 fm + íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. s: 787-1097.

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is






MOSFELLSBÆR

**Kynning á deiliskipulagslýsingu:**

Deiliskipulag frístundabyggðar við Selvatn

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Fyrir gerð deiliskipulags** á um 10 ha. landsvæði við norðanvert Selvatn, landnúmer 202914, 202915, 202916 og 125341. Skipulagssvæðið skiptist í gróin holt og votlendi, er í 124-150 m.y.s. og hallar til suðurs að Selvatni.

Megin viðfangsefni deiliskipulagsins er skipulagning 11 frístundahúsalóða, skilgreina byggingareiti, setja fram skilmála um byggingamagn, gera grein fyrir aðkomu og tryggja að ákvæðum vegna vatnsverndar sé fylgt.

Í deiliskipulagslýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitastjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa.

Deiliskipulagslýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuversins eða til undirritaðs fyrir 9. ágúst 2019.

19. júlí 2019
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

